

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Við vonum að þið hafið haft það gott í páskafríinu og náð að hlaða batteríin.

Sundkennsla

Frá og með deginum í dag mun sundkennsla hefjast að nýju af fullum krafti. Þá eru nemendur í sundtímum á mánudögum og fimmtudögum nema 4. -7. bekkur sem er í sundtímum á mánudögum og miðvikudögum. Aðrir íþróttatímar fara fram í Höfðaborg og er mælt með því allir séu í skóm í íþróttum.

Vinaliðanámskeið

Á morgun fimmtudag 31. mars fara starfandi vinaliðar á miðstigi á leikjanámskeið á Sauðárkróki.

Árshátíð nemenda.

Föstudaginn 1. apríl kl. 20:00 verður árshátíð nemenda á Hofsósi. Við viljum ítreka við foreldra nemenda í 8. – 10. bekk að koma með eitthvert bakkelsi. Kaffiveitingar eru hluti af árshátíðinni og mikilvægt framlag foreldra til fjáröflunar fyrir 8. – 10. bekk fyrir skólaferð í vor. Eins biðjum við ykkur að hafa samband við Emmu ef einhver á þess kost að aðstoða í eldhúsi.

Árshátíðin hefst eins og fyrr segir kl. 20:00. Hún samanstendur af skemmtidagskrá nemenda, kaffiveitingum að dagskrá lokinni og svo dansleik til kl. 00:30. Skólabílar aka heim eftir dansleik svo foreldrar geta farið fyrir heim með yngri börn ef þeir óska þess en það er þó auðvitað sjálfsagt að vera með allan tímann ef það hentar.

Blár dagur til stuðnings einhverfu

Alþjóðlegur dagur einhverfunnar er föstudaginn 1. apríl næstkomandi. Hvetjum við alla til að klæðast bláu og vekja þannig athygli á málefnum einhverfra barna en blái liturinn hefur fest sig í sessi sem litur einhverfunnar um heim allan. Líkt og undanfarin ár er það BLÁR APRÍL – Styrktarfélag barna með einhverfu, sem stendur fyrir deginum.

Dans- og nýsköpunarvika

Í næstu viku, 4. – 8. apríl verður danskennsla og nýsköpunarþema fyrir hádegi alla vikuna. Á föstudaginn er foreldrum boðið á sýningu með afrakstri nýsköpunarvinnunnar og danskennslunnar eins og undanfarin ár. Ópið hús verður í Grunnskólanum á Hofsósi þann föstudag milli kl. 10:30 – 12:30, danssýningin hefst kl. 11:30 í Höfðaborg.

Allir nemendur Grunnskólans austan Vatna verða þessa viku saman á Hofsósi og taka þátt í þemanu. Sameiginleg dagskrá verður frá skólabyrjun og fram að hádegi á þriðjudag og miðvikudag þá daga verður kennt samkvæmt stundaskrá eftir hádegi á hverri starfsstöð fyrir sig en mánudag og fimmtudag verður sameiginleg dagskrá frá skólabyrjun að skólalokum. Hópaskipting verður þannig að 1. og 2. bekkur verða saman, 3. og 4. bekkur saman, 5. bekkur sér, 7. og 8. bekkur saman og svo 9. og 10. bekkur saman. Með þessu móti minnkum við aldursbilið í danskennsluhópunum jafnframt því að nemendur allra kennslustaða hittast og blanda geði. Hver hópur fær einn danskennslutíma á dag eða samtals fimm tíma.

Tímar í Tónlistarskólanum halda sér þessa viku en kennslan verður þá öll á Hofsósi.